

## Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur um kostnað við að flytja hafnargarðinn við Austurhöfn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver er áætlaður kostnaður ríkisins afsamkomulagi Minjastofnunar Íslands við lóðarhafa á Austurhafnarreitnum við Tollhúsið um að færa hafnargarðinn frá 1928, stein fyrir stein, geyma hann á meðan steypt er fyrir plötu á bílakjallara og færa á upprunalegan stað á nýjan leik?*

Samkvæmt samkomulagi Minjastofnunar Íslands og Landstólpa þróunarfélags ehf., dags. 25. nóvember sl., er Landstólpa veitt heimild til að taka niður tímabundið hafnargarða á lóð Austurbakka í Reykjavík og endurhlaða þá samkvæmt skilyrðum sem tilgreind eru í samkomulaginu. Samkomulagið gerir ráð fyrir að framkvæmdaraðilinn annist þessar framkvæmdir og ber hann því einnig þann kostnað sem þær hafa í för með sér. Minjastofnun Íslands mun hins vegar bera launakostnað vegna eftirlits stofnunarinnar með framkvæmdum.